

## Myndorðakassinn



## Notkunar- og kennsluleiðbeiningar

## Efnisyfirlit

Almenn lýsing.....	1
Notkunarhugmyndir.....	2
Skýringar á stjórnutákninu.....	3
Skýringar á rauða m-inu.....	5
Leiðbeiningarnar með kassanum .....	5
Sagnorðin .....	6
Hljóðbreytingar í nútíð 0-sagna .....	7
Hljóðbreytingar í þátíð 0-sagna .....	8
Nafnorðin .....	10
Nafnorðin sem eru ekki til í fleirtölu .....	12
Hljóðbreytingar í nafnorðunum .....	12
Þágufall ur-karlkynsorðanna í eintölu.....	13
Kennsluaðferðir.....	16
Sagnorðakennslan .....	17
Nokkrar setningarformúlur .....	18
Nafnorðakennslan .....	19
Nokkrar setningarformúlur .....	21

# Almenn lýsing

Viðfagnsefni myndorðakassans eru: orðaforði, málnotkun og málfræðileg einkenni algengustu sagn- og nafnorðaflokkanna. Kassinn inniheldur 720 myndorðaspjöld eða 306 sagnorð og 414 nafnorð. Sagnorðunum er skipt í þrjá beygingarflokka en nafnorðunum í sex. Í fyrstu prentuninni er hver beygingarflokkur í sérstakri öskju. Í þeirri seinni eru millispjöld til að halda beygingarflokkunum aðskildum.

Framan á myndorðaspjöldunum eru myndir og viðeigandi orð. Framhliðar nafnorðaspjaldanna hafa þrjá mismunandi liti eftir kyni þeirra. Aftan á spjöldunum er fallbeyging viðkomandi nafnorðs. Sagnorðaspjöldin eru svolítið minni en nafnorðaspjöldin. Aftan á þeim er eingöngu beyging viðkomandi sagnar í nútíð.



**sagnorðin** **nafnorðin**

Efnið hentar byrjendum á öllum aldri jafnt og lengra komnum (A0<sup>+</sup>). Spjöldin virka líka mjög vel til að brúa tungumálabilið í þeim tilvikum sem fagfólk/leiðbeinendur og nemendur/skjólstæðingar hafa ekkert sameiginlegt tungumál.

Með byrjendum er þægilegt að nota myndorðaspjöldin til kynningar á algengum orðaförða og framburði máhljóðanna. Spjöldin nýtast þó ekki síður lengra komnum til að æfa orðaröð, setningarmyndum, beygingu og fleiri málfars- og málfræðiatríði.

Nafnorða- og sagnorðaspjöldin eru gott námstæki til að:

- leggja inn orðaförða.
- æfa setningargerð og grundvallarorðaröð í setningum
- æfa persónu- og tíðbeygingu sagna og hætti þeirra
- æfa tölu- og fallbeygingu nafnorða með og án greinis

**Enginn nauðsynlegur undanfari**

# Notkunarhugmyndir

Notkunarmöguleikarnir eru nær endalausir. Við val á aðferð þarf þó að taka tillit til aðstæðna og markmiða hverju sinni. Það er til dæmis nauðsynlegt að taka mið af aldri nemanda/nemendahóps og jafnvel skólagrunni og/eða námsfærni. Eins er mikilvægt að „skammta“ nemendum viðráðanleg verkefni og gæta þess að orðin/spjöldin sem þeir fá í hendur svari markmiðum viðkomandi verkefnis sem allra best.

Aðgengilegustu leiðirnar til að vinna með myndaspjöldin eru í í meginatriðum þrjár:

1. **paravinna** þar sem a) fagaðili/leiðbeinandi vinnur með nemenda eða b) tveir nemendur vinna saman.
2. **hópvinna** þar sem 3-4 nemendur vinna saman; a) frjálst eða b) eftir fyrirmælum.
3. **teymisvinna:** fagaðili/leiðbeinandi úthlutar 2-7 myndorðaspjöldum á hvern nemanda/þátttakanda. Þeir velja eitt eða fleiri orð/spjöld til að vinna eftir fyrirmælum fagaðila/leiðbeinanda og skila niðurstöðunum a) munnlega eða b) skriflega.

Allar aðferðirnar rúmast undir hatti athafnanáms (*learning by doing*) en áherslurnar eru svolítið mismunandi og henta þar af leiðandi fjölbreyttum markmiðum og aðstæðum mjög vel. Sjálf hef ég notað aðferðir 2 og 3 mest.

Hópvinnan hentar til dæmis mjög vel

- þegar markmiðið er að leggja inn orðaforða
- til að æfa tiltekin málfars- og/eða málfærðiatríði
- þegar staða nemenda innan hópsins er mjög misjöfn


Hópvinnan er nefnilega mjög góð leið til að ýta undir jafningjafræðslu. Nemendum gefst að minnsta kosti tækifæri til að læra hver af öðrum. Þetta getur átt við um framburð, orðaskilning og málfraeðina.

Teymisvinnan eða aðferð númer 3 (ásamt paravinnu með fagaðila/leiðbeinanda) er hins vegar öruggasta leiðin til að koma að leiðréttingum. Mælt er með því að bjóða nemendum/þátttakendum að skila sinni setningu þegar þeir eru tilbúnir. Það má gera með því að spyrja: 1) Hver vill byrja? 2) Hver vill vera næst/ur? Það er heldur ekki útilokað að nemendur skili sinni setningu skriflega.

Það má auðvitað blanda þessu aðferðum saman eða láta þær taka við hver af annarri.

## Skýringar á stjörnutákninu

Eina táknið sem er notað á myndorðaspjöldunum er stjarna (eins og sú sem er hér til hægri). Hún stendur með orðum sem þarfnast nánari athugunar eða skýringa.



Þeir orðflokkar sem stjörnurnar koma fyrir á eru:

- i-sagnirnar
- 0-sagnirnar
- ur→ir-karlkynsorðin
- a-kvenkynsorðin
- 0-hvorugkynsorðin

Tafla 1 Það eru alls 24 sagnir sem eru merktar með stjörnu. 23 þeirra koma fram í þessari töflu

sagnorðin			
i-sagnir	0-sagnir		
<i>sem hafa ekki sérstaka nafnháttarendingu</i>	<i>enda á sérhljóði í 1.p.et.</i>	<i>hafa -ð í endingu 2.p.et.</i>	<i>hafa -t í endingu 2.p.et.</i>
<i>gá, spá, sá</i>	<i>fá, flýja, hlæja, róa, sjá, slá, snúa, þvo</i>	<i>bera, berja, fara, skera, smyrja, spyrja</i>	<i>ausa, blása, frjósa, kjósa, lesa, vaxa</i>

Í töflu 1 vantar 0-sögnina *að skína*. Hún er stjörnumerkt af því að hún hefur engar persónuendingar í nútíð, eintölu.

Tafla 2 Það eru alls 37 nafnorð úr þremur beygingarflokkum með stjörnu. Orðið *bíó* hefði líka mátt vera stjörnumerkt

nafnorðin		
ur→ir-karlkynsorðin	a-kvenkynsorðin	0-hvorugkynsorðin
<i>sem enda á -ar í ef.et.</i>	<i>n-innskot á undan -a í ef.ft.</i>	<i>skoða -i í greininum og beygingarendingum</i>
<i>ávöxtur, broddgöltur, drykkur, fjörður, flóamarkaður, fréttapulur, fundur, hnöttur, húsvörður, köttur, litur, mánuður, skemmtistaður, tugur, vinur</i>	<i>eldspýta, fjölskylda, flaska, fluga, golfkúla, kirkja, krukka, innstunga, pulsa, ryksuga, sápukúla, sprauta, slanga, stimpilklukka, tala, veisla, vekjaraklukka, úlpa</i>	<i>grenitré, herðatré, tré</i>
		<i>ekkert -s í ef.et.</i>
		<i>pils</i>

► **ur-karlkynsorðunum** er skipt niður í tvo flokka í kassanum. Þeir eru:

- ur → ar-karlkynsorð (þau sem hafa fleirtöluendinguna **-ar**)
- ur → ir-karlkynsorð (þau sem hafa fleirtöluendinguna **-ir**)

15 þeirra sem eru í ur → ir-flokknum eru stjörnumerkt vegna þess að þau enda ekki á -s í eignarfalli eintölu, eins og meginþorri annara karlkynsnafnorða, heldur -ar (sjá töflu 2).

► **a-kvenkynsorðin** hafa mörg hver n-innskot á undan a-endingunni í eignarfalli fleirtölu. Samkvæmt bin.arnastofnun.is er ekki óalgennt að það sé valfrjálst hvort þetta innskot er notað eða ekki. Farin var sú leið að stjörnumerka þau orð þar sem bein krafa er um að innskotið sé notað miðað við upplýsingarnar sem koma fram á beygingarlýsingarvefnum. Kvenkynsorðin í þessum beygingarflokki eru því aðeins 18 sem merkt eru með stjörnu (sjá töflu 2).



► **0-hvorugkynsorðin** eru mjög regluleg. Orðið *tré*, sem kemur fyrir í þremur myndum í myndorðakassanum (sjá töflu 2) er ein af fáum undantekningum. Orðið hefur bara eitt stofnsérhljóð sem stendur í lok stofnsins. Því er þágufallið í eintölu ekki með -i eins og önnur orð í þessum beygingarflokki; i-ið fellur líka brott í greininum þar sem hann bætist beint aftan á orðið.

**hvorugkynsorð**  
sem beygist eins og brauð

eintala	gr.	fleirtala	gr.
þetta er	- ið	þetta eru	- in
um	- ið	um	- in
frá	-i nu	frá	- <b>u</b> num
til	-s ins	til	-a nna

**ÍSLENSKUNÁMAN**

**hvorugkynsorð**  
sem beygist líkt og brauð

eintala	gr.	fleirtala	gr.
þetta er	- ð	þetta eru	- n
um	- ð	um	- n
frá	- nu	frá	- <b>m</b> num
til	-s ins	til	-a nna

**ÍSLENSKUNÁMAN**

Mynd 1 Hér er annars vegar bakhliðin á hvorugkynsorðinu *brauð* og hins vegar *tré* sem sýna muninn á beygingu þessara orða



Nafnorðið *bíó* ætti líka að vera stjörnumerkt þar sem fáir nota þágufallsendinguna **-i** í eintölunni.

## Skýringar á rauða m-inu

Eins og kemur fram á mynd 1 eru **m**-in í þágufalli, fleirtölu rauðlituð aftan á spjöldunum. Þetta merkir að þau falla brott þegar greininum er bætt aftan á orðin. Dæmi: brauð**m** → brauðunum. Rauði liturinn kemur líka fyrir á bakhliðum sumra ur-karlkynsorðanna. Þar er gerð tilraun til að gera grein fyrir fjölbreytninni varðandi i-endingu þeirra í þágufalli, eintölu. Þetta er skýrt betur í sérstökum kafla um þennan beygingarflokk á blaðsíðum 13-16.

## Leiðbeiningarnar með kassanum

Auk þess sem beyging sagn- og nafnorðanna kemur fram á bakhlið þeirra þá eru beyging hvers flokks á bakhliðum askjanna í fyrstu prentuninni og á millispiöldunum í annarri prentuninni. Þar kemur líka fram skýring á stjórnunum sem fjallað var um í kaflanum hér að framan. Þar eru einnig stuttar en mikilvægar skýringar sem varða hvern orð- og/eða beygingarflokk. Þessar ábendingar eru taldar upp hér:

- **a- og 0-sagnir:** Mundu eftir hljóðbreytingunni a → ö í 1. persónu eintölu
- **0-sagnir:** Sagnirnar sem hafa aðra beygingu í 2. og 3. persónu eintölu en hér er sýnd [-, -ur, -ur] eru stjörnumerktar (\*)
- **allir nafnorðaflokkarnir:** Taktu eftir að m-ið sem er litað rautt, fellur brott þegar greinirinn bætist við orðið í þágufalli eintölu.
- **ur→ir-karlkynsorðin:** Nafnorðin í þessum beygingarflokki sem fá endinguna -ar í eignarfalli eintölu eru stjörnumerkt (\*)
- **a-kvenkynsorðin:** Nafnorðin í þessum beygingarflokki, sem enda alltaf á -na í eignarfalli eintölu fleirtölu, eru stjörnumerkt (\*)
- **0-hvorugkynsorðin:** Athugaðu að undantekningarnar í þessum beygingarflokki eru stjörnumerktar.

Þessi atriði eru líka tiltekin í leiðbeiningabæklingi með kössunum. Þar eru einnig skýringar á skiptingu myndorðaspjaldanna niður í beygingarflokka, af hverju þátíð sagnorðanna er sleppt auk þess sem nokkur atriði eru talin sem þarf að fara sérstaklega í varðandi málfræði nafnorða. Frekari

kennsluleiðbeiningar og nánari umfjöllun um þau málfræðiatríði sem koma fyrir á myndorðaspjöldunum eru nú í þessum notkunar- og kennsluleiðbeiningum í stað þess að standa á vefsíðunni.

## Málfræði beygingarflokkanna í kassanum

Beygingarflokkunum í *Nafnorða- og sagnorðakassanum* er ætlað að endurspegla algengustu beygingarflokka þessara orðflokka í íslensku. Kassinn inniheldur níu beygingarflokka: þrjá algengustu sagnorðaflokkanna og sex algengustu nafnorðaflokkana. Sagnorðaflokkarnir eru nefndir eftir endingum þeirra í 1. persónu, eintölu.

- a-sagnir (108 orð)
- i-sagnir (99 orð)
- 0-sagnir (99 orð)

Nafnorðaflokkarnir eru nefndir eftir endingum þeirra í nefnifalli eintölu og fleirtölu.

- i → ar-karlkynsorðin (78 orð)
- ur → ar-karlkynsorðin (60 orð)
- ur → ir karlkynsorðin (36 orð)
- a → ur kvenkynsorðin (114 orð)
- 0-hvorugkynsorðin (90 orð)
- i-hvorugkynsorðin (36 orð)

## Sagnorðin

Það er þokkalega einfalt að skipta íslenskum sögnum niður í flokka eftir endingum þeirra í nútíð. Það er þó ekki víst að hefðbundin skipting niður í a-, i- og 0-sagnir þjóni þeim sem eru að læra íslensku sem annað mál nægileg vel. Þetta á bæði við um nútíðina og þátíðina.

- Sagnirnar sem hafa sérhljóð sem síðasta staf í stofni og þær sem hafa -r, -s eða -x (núþálegu - og ri-sagnirnar líka) sem síðasta staf í stofni hafa aðrar endingar í 2. og 3. persónu en meginþorri annarra 0-sagna.
- Einhverjar hafa líka mismunandi beygingu eftir merkingu.
- Þegar kemur að þátíðinni flytjast líka einhverjar sagnir á milli flokka.

► **a-sagnirnar** eru langreglulegastar. **i-sagnirnar** eru reglulegar þar til kemur að þátíðinni:



- þær hafa mismunandi endingar eftir stofni eða **-ði, -di, -ti**
- sögnin að mæla hefur mismunandi þátíð eftir því hvort hún merkir *að mæla* í tölum eða *mæla með* einhverju/einhverjum.
- sagnirnar sem hafa -ð- í lok stofns fá ekki aðeins þátíðarendinguna -di heldur breytist ð-ið í -d- eins og í sögnunum að *veiða* og *afgreiða* (alls 9 sagnir í kassanum).
- sagnir sem hafa samhljóðarunu (tvö eða þrjú samhljóð) í lok stofns sem endar -t- eru eins í nútíð og þátíð eins og sagnirnar að *hætta* og *gista* (alls 14 sagnir í kassanum)
- Allflestar sagnir sem hafa -nd- í lok stofns fá þátíðarendinguna -ti og er það látið heyrast óháð mállýskum (alls 5 sagnir í kassanum). Sögnin að *senda* er undantekning en hún er hefur -d- bæði í nútíð og þátíð.
- sagnirnar *kaupa*, *segja* og *sækja* breyta um stofnsérhljóð í þátíðinni; sögnin að sækja heldur bara upphafsstaf stofnsins.
- sagirnar að *hanga* og *kvíða* (fyrir) flytja sig yfir í flokk 0-sagna í þátíðinni

Eins og upptalningin hér að ofan gefur til kynna er full ástæða til að ætla nemendum í íslensku sem öðru máli góðan tíma til að þjálfast í þátíð i-sagna.

## Hljóðbreytingar í nútíð 0-sagna

► Í sambandi við **0-sagnirnar** er mælt með því að skipulega kennslu þeirra vel og byrja á því sem er léttast. Aðgengilegast er að byrja á sögnunum sem hafa beyginguna -, -ur, -ur í eintölu, nútíð og enga hljóðbreytingu. Hægt er að nálgast töflu á vefsíðu *Íslenskunámunnar* með yfirliti yfir hljóðbreytingar sagna í nútíð. Í fyrsta dálkinum er yfirlit yfir stofnsérhljóðin sem haldast óbreytt.

Tafla 3 Mælt er með að byrja á óstjörnumerktum 0-sögnum sem hafa þessi sérhljóð í stofninum

engin hljóðbreyting í nútíð 0-sagna sem hafa þessi stofnsérhljóð				
e	i/y	í/ý	ei/ey	æ

Þó hljóðbreytingarnar í nútíðinni séu auðveldari en í þátíðinni þá er ljóst að sumar þeirra eru mjög snúnar. Það er ástæða til að benda annarsmálsnemendum í íslensku á að hljóðbreytingarnar sem um ræðir eiga eingöngu við eintöluna. Fleirtalan er þó ekki alveg laus við hljóðbreytingar þar sem allar sagnir sem hafa stofnsérhljóðið -a- í nafnhætti fá hljóðvarpið a → ö í 1. persónu, fleirtölu. Það þarf líka að gera ráð fyrir að æfa þetta atriði sérstaklega með nemendum.

Tafla 4 Þær sagnir sem standa innan sviga eru einu dæmin um viðkomandi hljóðbreytingu í myndorðakassanum

Hljóðbreytingar í nútíð óreglulegra (sterkra) sagna			
_ verður e	_ verður ý	_ verður æ	sjaldgæfari
<b>a</b> (algengust)	<b>ú</b> ( <i>snúa</i> )	<b>á</b>	<b>au</b> → <b>ey</b> (sjaldgæf)
<b>o</b> ( <i>sofa</i> )	<b>jú</b>	<b>ó</b> ( <i>róa</i> )	<b>já</b> → <b>é</b> ( <i>sjá</i> )
<b>ö</b> (sjaldgæf)	<b>jó</b>	<b>o</b> ( <i>þvo</i> )	
<b>já</b> ( <i>skjálfa</i> )			

Hljóðbreytingarnar sem koma fram í töflu 4 eru mjög misalgengar og í sumum tilvikum er aðeins um eina sögn að ræða eins og í þessum dæmum: **skjálfa** → **skelf**, **þvo** → **þvæ** og **sjá** → **sé**. Algengustu hljóðbreytingarnar eru **a** → **e** og **jó** og **jú** → **ý**.

Samkvæmt minni reynslu reynist hljóðbreytingin **jú/jó** → **ý** nemendum langerfiðust. Mér hefur ekki tekist að festa fingur á því hver ástæðan er en hugsanlega er það vegna þess að í þessum tilvikum verða tveir bókstafir að einu.

## Hljóðbreytingar í þátíð 0-sagna

Þegar kemur að þátíðinni má benda á að það eru alls sautján 0-sagnir í kassanum sem flytjast niður í beygingarflokk i-sagna. Þær eru taldar í töflu 5 þar sem þær eru flokkaðar eftir þátíðarendingum.

Tafla 5 Sama stofnregla gildir varðandi þátíðarendingar þessara 0-sagna eins og i-sagnanna

0-sagnir sem hafa veika beygingu í þátíð		
-ði	-di	-ti
<i>berja, eyðileggja, flýja, leggja, smyrja, spyrja, þiggja, þvo</i>	<i>kveðja, skilja, telja, velja</i>	<i>fletja, flytja, gróðursetja, setja, slökkva</i>

Fimm þessara sagna (sjá töflu 5) hafa enga hljóðbreytingu. Algengasta hljóðbreytingin er **e** → **a**. **y** → **u** kemur fyrir þrisvar, **ý** → **ú** einu sinni en svo er **i** → **á** einstök breyting. Hún er í sögninni að **þiggja** sem verður **þáði** í þátíðinni. Ástæðan fyrir því að þessi sögn var höfð með er að nafnið á þágufallinu er dregið af henni.

Þegar kemur að þátíð 0-sagnanna er mælt með að byrja eingöngu á 1. og 3. persónu beygingunni í eintölu. 2. persónan er erfiðari af því að hún hefur bæði hljóðbreytingu og endingu. Einnig er mælt með að byrja á algengari hljóðbreytingunum.

Tafla 6 Þær sagnir sem standa innan sviga eru einu dæmin um viðkomandi hljóðbreytingu í myndorðakassanum

Hljóðbreytingar í þátíð óreglulegra (sterkra) sagna I		
Hljóðskiptaröð: 1)	2)	3), 4) og 5)
í verður e	_ verður au	_ verður a
	<b>jú</b>	<b>e</b>
	<b>jó</b>	<b>i</b>
		<b>o (sofa)</b>
		<b>já (skjálfa)</b>

Hljóðbreytingarnar sem koma fram í töflu 6 eru flestar mjög algengar en sögnin að: **skjálfa** → **skalf** er eina dæmið um þessa hljóðbreytingu. Sagnirnar sem eru í hljóðskiptaröðum 1) og 2) eru mjög reglulegar en þegar kemur að hljóðskiptaröðum 3), 4) og 5) er ástæða til að staldra betur við.

1. Samhljóðin í stofni sumra sagnanna breytast mjög mikið líka. Í kassanum eru þessar sagnir: **binda** → **batt**, **springa** → **sprakk**, **stinga** → **stakk**, **vinda** → **vatt**.
2. Í hefðbundnum listum yfir sagnir sem tilheyra þessum röðum eru of margar og miklar undantekningar til að það þjóni annarsmálsnemendum í íslensku. Dæmi: **syngja** og **liggja**.
3. Svo eru sagnir sem hafa mismunandi beygingu eftir merkingu. Í kassanum eru sex sagnir sem þetta á við um. Þær eru hafðar með 0-sögnunum. Sögnin að **renna** er reyndar líka með i-sögnunum.

Tafla 7 Eftirtaldar sagnir tilheyra tveimur ólíkum beygingaflokkum eftir merkingu

að brenna	að renna	að skella	að sleppa	að velta
brenni → brenndi	renni → renndi	skelli → skellti	sleppi → sleppti	velti → velti
brenn → brann	renn → rann	skell → skall	slepp → slapp	velt → valt

Tafla 7 sýnir báðar beygingarmyndir sagnanna sem er vísað til í lið 3. Fyrst er i-sagnabeygingin og svo 0-sagnabeygingin. Dæmin eru í 1. persónu eintölu, í nútíð og þátíð

Þátíð algengustu sagnanna sem eru undir hljóðskiptaröð 6) og 7) er svolítið auðveldari en fyrstu fimm þar sem bæði eintalan og fleirtalan hafa sama stofnsérhljóðið. Hins vegar skipta sagnirnar, sem hafa -a- og -á- sem stofnsérhljóð, sér á milli þessara flokka (sjá töflu 8). Aftasti dálkurinn í töflunni er fyrir sagnirnar sem er hæpið að koma fyrir undir númeruðu hljóðskiptaröðunum.

Tafla 8 Það eru alls 25 sagnir í myndorðakassanum sem raðast í þessa flokka

Hljóðbreytingar í þátíð óreglulegra (sterkra) sagna II		
Hljóðskiptaröð: 6)	7)	Ekki númeruð
_ verður ó	_ verður é	aðrar hljóðbreytingar
<b>a</b>	<b>a</b>	<b>au</b> } verður jó
<b>á</b> ( <i>slá</i> )	<b>á</b>	<b>ú</b> }
<b>æ</b> ( <i>hlæja</i> )	<b>ei</b> ( <i>leika</i> )	<b>ö</b> ( <i>höggva</i> ) }
<b>e</b> ( <i>vefa</i> )		<b>i</b> ( <i>liggja</i> ) } verður á
		<b>já</b> ( <i>sjá</i> ) }
		<b>y</b> ( <i>syngja</i> ) } verður ö

Þrjár óreglulegar (sterkar) sagnir standa enn eftir:

- sögnin að **stökkva** sem hefur hljóðbreytingu í nútíð eintölu en ekki í þátíð: **stökkva** → **stekk** → **stökk**
- sagnirnar að **snúa** og **róa** sem eru taldar í flokki ri-sagna í hefðbundinni móðurmálskennslu þar sem þær bæta við sig þessari endingu (-ri) í þátíð: **róa** → **ræ** → **veri** og **snúa** → **sný** → **sneri**

## Nafnorðin

Nafnorðin í kassanum eru úr fimm eða sex algengustu beygingarflokkum íslenskunnar. Það er yfirlit yfir þessa flokka í töflu 9.

Tafla 9 Sjónrænt yfirlit yfir beygingarflokka nafnorðanna í myndorðakassanum

	karlkyn		kvenkyn		hvorugkyn	
	et. (einn)	ft. (margir)	et. (ein)	ft. (margar)	et. (eitt)	ft. (mörg)
nefnifall	<b>-i</b>	<b>-ar</b>	<b>-a</b>	<b>-ur</b>		
	<b>-ur</b>				<b>-</b>	
	<b>-ur</b>	<b>-ir</b>			<b>-i</b>	

Í hefðbundinni móðurmálskenndu er nafnorðunum skipt upp í veika- og sterka beygingu en með myndorðakassanum er lagður grunnur að því að nefna beygingarflokkana eftir beygingarendingu þeirra í nefnifalli eintölu (sjá blaðsíðu 6). Það þjónar annarsmálsnemendum í íslensku líka betur að tala um reglulega og óreglulega beygingu.

► **i-karlkynsorðin** og **a-kvenkynsorðin** eru dæmi um reglulega beygingu. Af beygingarflokkunum í kassanum eru **i-hvorugkynsorðin** líka aðgengilegur beygingarflokkur þar sem eintalan er öll eins þegar eignarfallið er undanskilið. Í töflu 10 er beyging þessara beygingarflokka sýnd í öllum föllum til að undirstrika framansagt. Þágufallsendingar í fleirtölu eru gullitaðar og eignarfallsendingar hafðar grænar til að vekja athygli á sameiginlegum endingum allra nafnorða í þessum föllum.

Tafla 10 Eins og kemur fram í þessari töflu hafa þessir beygingarflokkar 2-4 sérstök beygingarform

	i-karlkynsorð		a-kvenkynsorð		0-hvorugkynsorð	
	eintala	fleirtala	eintala	fleirtala	eintala	fleirtala
nf.	<b>-i</b>	<b>-ar</b>	<b>-a</b>	<b>-ur</b>	<b>-i</b>	
þf.	<b>-a</b>	<b>-a</b>	<b>-u</b>			
þgf.		<b>-um</b>		<b>-um</b>	<b>-um</b>	
ef.		<b>-a</b>		<b>-a</b>	<b>-a</b>	<b>-is</b>

► **0-hvorugkynsorðin** eru eins aðgengileg og i-hvorugkynsorðin þar til kemur að þágufallinu í eintölu sem endar í langflestum tilvikum á -i.

► **ur-karlkynsorðin** eru flóknust. Þeim er skipt upp í tvo beygingarflokka í myndorðakassanum en ef fullrar nákvæmni er gætt ættu þeir að vera þrír.

Tafla 11 Það sem greinir ur-karlkynsorðaflokkanna að er lítað með skærbleiku

ur-karlkynsorðin í myndorðakassanum						
	a) -s → -ar		b) -s → -ir		c) -ar → -ir	
	eintala	fleirtala	eintala	fleirtala	eintala	fleirtala
nf.	<b>-ur</b>	<b>-ar</b>	<b>-ur</b>	<b>-ir</b>	<b>-ur</b>	<b>-ir</b>
þf.	-	<b>-a</b>	-	<b>-i</b>	-	<b>-i</b>
þgf.	<b>-(i)</b>	<b>-um</b>	<b>-(i)</b>	<b>-um</b>	<b>-(i)</b>	<b>-um</b>
ef.	<b>-s</b>	<b>-a</b>	<b>-s</b>	<b>-a</b>	<b>-ar</b>	<b>-a</b>

## Nafnorðin sem eru ekki til í fleirtölu

Það eru engin nafnorð í kassanum sem eru eingöngu til í fleirtölu. Hins vegar eru þar sjö nafnorð sem eru ekki til í fleirtölu. Þau eru talin í töflu 12.

Tafla 12 Yfirlit yfir eintöluorðin í myndorðakassanum en þau eru ekki nema sjö.

Eintöluorð		
a-kvenkynsorð	0-hvorugkynsorð	i-hvorugkynsorð
<i>endurvinnsla</i>	<i>kál, rusl, samstarf, spaghettí</i>	<i>grænmeti, nesti</i>

## Hljóðbreytingar í nafnorðunum

► Algengasta hljóðbreytingin í nafnorðaflokkunum er að **a** → **ö**. Hún kemur fram í:

- þágufalli, fleirtölu **i-karlkynsorðanna**
- þágufalli, fleirtölu **ur-karlkynsorðanna**
- í öllum aukaföllum í eintölu **a-kvenkynsorðanna** og allri fleirtölunni nema eignarfallinu
- í öllum föllum í fleirtölu **0-hvorugkynsorðanna** nema eignarfallinu

Í þessum tilvikum þarf að taka fram að **a** → **ö** ef a-ið stendur í síðasta atkvæðið nafnorðsins.

► Aðrar hljóðbreytingar koma fram í sex **ur-karlkynsorðum**, sem beygjast eins og flokkurinn sem er merktur c) í töflunni hér að ofan, og hafa ö í stofni (sjá töflu 13)

Tafla 13 Yfirlit yfir ur-karlkynsorðin í myndorðakassanum sem hafa þessa hljóðbreytingu

<b>ö → e → a</b>	<b>jö → i → ja</b>
<i>ávöxtur, broddgöltur, hnöttur, húsvörður, köttur</i>	<i>fjörður</i>

## Þágufall ur-karlkynsorðanna í eintölu

► **ur-karlkynsorðin** eru langerfiðasti beygingarflokkurinn í annarsmálsnámi í íslensku. Það er fleira en eitt sem veldur en þágufallið í eintölunni er óneitanlega það snúasta við þennan flokk. Til að auðvelda nemendum námið má miða við eftirfarandi þumalputtareglu:

**Þumalputtareglan** um þágufall ur-karlkynsorðanna:

A. **-i í þgf.** ef stofn þeirra endar á **tveimur samhljóðum**

B. **ekki -i í þgf.** ef stofn þeirra endar á **einu samhljóði**

Það eru hins vegar þó nokkrar undantekningar í báðar áttir. Til að skoða hvernig þessi regla stemmir í sambandi við nafnorðin úr þessum beygingarflokki, sem eru í myndorðakassanum, er stuðst við [bin.arnastofnun.is](http://bin.arnastofnun.is) Þess ber hins vegar að minnast að hann er ekki alveg 100% meðal annars hvað þetta atriði varðar.

Töflur 14 til 16 taka mið af því sem kemur fram þar en niðurstöðurnar leggja til **samræmdar þágufallsendingareglur í eintölu þessa beygingarflokks til að nota í annarsmálskennslu í íslensku**. Það er þó ekki útilokað að slíkar reglur kæmu þeim sem hafa íslensku sem fyrsta mál að gagni þar sem þetta málfræðiatriði vill þvælast fyrir mörgum málnotendum.

► Fyrst er yfirlit yfir karlkynsorðin í myndorðakassanum sem hafa **tvö stofnsamhljóð** og eru í samræmi við þumalputtaregluna hér að ofan (tafla 14). Í beinu framhaldi eru undantekningar frá henni sem er að finna í kassanum (tafla 15).



Tafla 14 ur-karlkynsorðin í myndorðakassanum sem taka i-endingu í þgf.et. skv. þamalputtareglunni

tvö samhljóð í stofni og i-ending í þgf.et.			
<b>-rð-</b>	<i>garður, fjörður, húsvörður</i>	<b>-nn-</b>	<i>brunnur, munnur</i>
<b>-lf-</b>	<i>álfur, kálfur</i>	<b>-mp-</b>	<i>svampur</i>
<b>-ld-</b>	<i>eldur</i>	<b>-lt-</b>	<i>broddgöltur</i>
<b>-nd-</b>	<i>fundur, hundur</i>	<b>-nt-</b>	<i>blýantur, demantur</i>
<b>-ll-</b>	<i>kollur</i>	<b>-st-</b>	<i>hestur, kústur, ostur, prestur</i>
<b>-lm-</b>	<i>hjálmur</i>	<b>-tt-</b>	<i>blómapottur, hattur, hnöttur, köttur, pottur</i>
<b>-rm-</b>	<i>ormur</i>		
<b>-ng-</b>	<i>kuðungur</i>	<b>-xt-</b>	<i>ávöxtur</i>

Það er rétt að vekja athygli á því að í töflu 14 eru karkynsorðin sem hafa viðskeytið **-ingur** ekki talin né orðið **vaskur** þó þau hafi i-endingu í þágufalli eintölu. Skýringin er bleikmerkt í töflu 15.

Tafla 15 Það er svolítið frjálst segja að i-endingin sé valfrjálst í öllum þeim tilvikum sem koma fram hér

tvö samhljóð (framhald)			
	valfrjálst með og án gr.	valfrjálst án gr.	aldrei -i
<b>-bb-</b>		<i>kubbur, skróbbur</i>	
<b>-gg-</b>			<i>-leggur</i>
<b>-ng-</b>			<i>drengur, -hringur</i>
<b>-kk-</b>	<i>kokkur, tjakkur</i>	<i>eyrnalokkur</i>	<i>bekkur, drykkur, hnakkur, smekkur, -sokkur</i>
<b>-nk-</b>			<i>skenkur</i>
<b>-rk-</b>			<i>-verkur</i>
<b>-sk-</b>	<i>diskur, froskur, fiskur, pískur, þorskur</i>		
<b>-pp-</b>		<i>-leppur, sveppur</i>	

Af því sem kemur fram í töflu 15 má ráða að það er algengara að karlkynsorðin, sem hafa tvö samhljóð í stofni sem enda á -g- eða -k-, fái ekki i-endingu í þágufalli, eintölu. Karlkynsorðin sem hafa viðskeytið **-ingur** eru undantekning (alls átta orð í kassanum).

Miðað við það sem kemur fram í töflum 14 og 15 er stungið upp á því að bæta eftirfarandi við þumalputtaregluna um þágufallsendingu ur-karlkynsorðanna á blaðsíðu 13.

**Viðbót við þumalputtaregluna** um þágufallsendingu ur-karlkynsorðanna í þgf.et..

1. orð sem hafa **kk** eða samhljóðasamband sem enda á k bæta ekki við sig -i í þgf. sbr. *bekkur, skokkur, skenkur og verkur* (örðu máli kann að gegna um orðin sem hafa -sk-)
2. orð sem hafa **gg** eða samhljóðasamband sem enda á g bæta ekki við sig -i sbr. *leggur* og *hringur*.

**ATHUGAÐU: ingur-karlkynsorðin hafa alltaf -i í þgf.et!**

► Í töflu 16 er yfirlit yfir öll ur-karlkynsorðin í myndorðakassanum sem hafa **eitt samhljóð** í stofni fyrir utan fimm undantekningar.

Tafla 16 Það er svolítið frjálst túlkun að segja að i-endingin sé alltaf valfrjáls með og án greinisins

eitt samhljóð í stofni			
	aldrei -i	valfrjálst án gr.	valfrjálst með og án gr.
<b>-ð-</b>	<i>skemmtistaður</i>	<i>úlndiður</i>	<i>fjár sjóður, trúður</i>
<b>-f-</b>	<i>bókstafur, refur</i>	<i>hnífur, þjófur</i>	
<b>-g-</b>	<i>loftbelgur, vatnsslagur</i>		<i>tugur</i>
<b>-k-</b>	<i>tölvuleikur</i>	<i>baukur, kryddstaukur, laukur</i>	
<b>-l-</b>	<i>bolur, -þulur, hvalur, selur</i>		
<b>-p-</b>	<i>-skápur, skartgripur</i>	<i>hópur</i>	
<b>-t-</b>	<i>litur</i>	<i>bátur, -klútur, kútur</i>	<i>tómatur</i>
<b>-v-</b>			<i>mávur</i>

Yfirlitið í töflu 16 gefur til kynna að undantekningarnar samkvæmt BÍN eru enn algengari í urkarlkynsorðunum sem hafa eitt samhljóð í stofni heldur en hinna sem hafa tvö stofnsamhljóð. Þetta kemur enn frekar í ljós þegar þau sem standa ekki þar eru dregin fram.

Tafla 17 Orðið vegur er ekki í myndorðakassanum en það er alltaf með i-endingu í þgf.et.

eitt samhljóð í stofni (framhald)		
	alltaf -i án gr.; valfrjálst án hans	alltaf með -i
<b>-aður</b>	<i>-markaður</i>	
<b>-uður</b>		<i>mánuður</i>
<b>-m-</b>	<i>gámur</i>	
<b>-n-</b>		<i>svanur, vinur</i>

Miðað við það sem kemur fram í töflum 16 og 17 er stungið upp á því að ýtra þumalputtaregluna um þágufallsendingu urkarlkynsorðanna (sjá blaðsíðu 13) enn frekar með þessari viðbót.

**Viðbót við þumalputtaregluna** um þágufallsendingu urkarlkynsorðanna í þgf.et..

1. engin i-ending þegar eina stofnsamhljóðið er **ð, f, l, p**, eða **t**.  
**ATHUGAÐU að þegar ð er hluti að viðskeyti er i-ending sbr. mánuður.**
2. alltaf i-ending í einsatkvæðisorðum sem hafa eitt **g** sbr. *vegur*.
3. alltaf i-ending í karlkynsorðunum sem hafa eitt **m** eða **n** í stofni sbr. *gámur, draumur* og *svanur, vinur*.

## Kennsluaðferðir

Öll námsefnisgerð Íslenskunáunnar byggir á hugmyndafræðinni um fjölbreyttar kennsluaðferðir. Myndorðaspjöldin voru gefin út með það að leiðarljósi að gera annarsmálskennslu í íslensku meira lifandi. Þess vegna bjóða þau upp á og styðja við:

- myndrænt og námsörvandi námsefni
- uppgötvunarnám
- athafnanám (*learning by doing*)

- leikjun (*gamefication*)
- hóp- og paravinnu
- jafningjafræðslu
- breytta endurtekningu (endurtekning með breytilegum aðferðum)

Kennarar og annað fagfólk þekkja væntanlega öll þessi hugtök en stutta samantekt og umfjöllun er að finna undir *Námsefni* á vef Íslenskunámunnar. Hér í framhaldinu eru frekari hugmyndir um kennslu sagnorða og nafnorða.

## Sagnorðakennslan

Það er rétt að taka það fram að áherslupættirnir sem eru settir fram í töflu 18 miðast við fullorðinsfræðsluna. Það er þó ekki útilokað að þeir geti nýst sem leiðarvísir á öðrum skólastigum og/eða vettvangi. Áherslupættirnir þurfa vissulega að taka mið af stöðu nemenda. Þess vegna er gott að gera einhvers konar stöðumat í byrjun hvers stigs og taka frá tíma fyrir upprifjun eftir þörfum.

Tafla 18 Sagnorðin í Nafnorða- og sagnorðakassans nýtast vel til að uppfylla þessa áherslupætti


Stigin	Áherslur	Athugasemdir
<b>Byrjendur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• orðforði</li> <li>• setningargerð með hjálparsögnum</li> </ul>	<i>sjá næsta kafla með setningarformúlum</i>
<b>1. stig</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• nútíð a-sagna í et.</li> <li>• nútíð i-sagna í et.</li> <li>• sagnirnar <i>vera</i>, <i>fara</i> og <i>koma</i> í öllum persónum og helst í báðum tölum og tíðum.</li> </ul>	
<b>2. stig</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• áframhaldandi áhersla á a- og i-sagnir</li> <li>• 0-sagnir sem hafa enga hljóðbreytingu og reglulegustu persónubeyginguna í nt.et.</li> <li>• kynna fleirtölubeygingu sagna í nt. og hljóðbreytinguna a → ö.</li> <li>• þt. a-sagna í et.</li> </ul>	<i>sjá næsta kafla með setningarformúlum</i>
<b>3. stig</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• áhersla á að bæta við sagnorðaforða nemenda í i-sögnum</li> <li>• lýsingarháttur þátíðar, a- og i-sagna með hjálparsögnunum að <b>hafa</b> og <b>geta</b>.</li> <li>• þt. mikilvægustu i-sagnanna</li> <li>• mikilvægustu 0-sagnirnar og hljóðbreytingar þeirra í nt.</li> <li>• þrjár mismunandi persónubeygingarendingar 0-sagna í nt.et.</li> <li>• þt. allra mikilvægustu 0-sagnanna í et.</li> <li>• boðháttur a-sagna</li> </ul>	

<p><b>4.stig</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• rifja upp þátíðarbeygingu i-sagna</li> <li>• bæta 0i-sögnunum við (<i>sagnir sem beygjast óreglulega (sterkt) í nt. en fá þátíðarendingu i-sagna</i>)</li> <li>• boðhátturinn</li> <li>• æfa sagnir sem hafa enga hljóðbreytingu í lh.þt. með hjálparsögnunum að <b>hafa</b> og <b>geta</b></li> <li>• fleirtölubeyging í ft.nt. og þt. a- og i-sagna</li> <li>• algengustu og reglulegustu hljóðbreytingar 0-sagna í hljóðskiptaröðum 1) - 7) í nt.et. og þt.et.</li> <li>• kynning á viðtengingarhætti í nt.</li> <li>• kynna bæði lh.þt. og - nt. með hjálparsögninni að <b>vera</b></li> </ul>	<p><i>sjá næsta kafla með setningarformúlum</i></p>
<p><b>5. stig</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• þátíðarbeyging 0i-sagna (<i>sagnir sem beygjast óreglulega (sterkt) í nt. en fá þátíðarendingu i-sagna</i>)</li> <li>• hljóðbreytingar 0-sagna í hljóðskiptaröðum 1) - 7) í þt.et.</li> <li>• sagnir sem skera sig úr hljóðskiptaröðum 1) - 7).</li> <li>• hljóðskipti algengustu og reglulegustu 0-sagna í þt.ft.</li> <li>• lh.þt. sagna, sem hafa sama stofnsérhljóð í nafnhættinum og lh.þt., með hjálparsögnunum að <b>hafa</b> og <b>geta</b>.</li> <li>• kynna lh.þt. 0-sagna sem hafa nýtt stofnsérhljóð í 4. kennimyndinni.</li> <li>• þjálfva einfaldar setningar í viðtengingarhætti nt.</li> <li>• kynna málfræðilegan mun á vh.nt. og vh.þt.</li> </ul>	<p><i>sjá næsta kafla með setningarformúlum</i></p>
<p><b>6. stig</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• hljóðbreytingar mikilvægra en sjaldgæfari 0-sagna í hljóðskiptaröðum 2) - 5)</li> <li>• undantekningar í mikilvægum en sjaldgæfari sögnum í lh.þt. í hljóðskiptaröðum 1) - 7) með hjálparsögnunum að <b>hafa</b> og <b>geta</b>. Leggja áherslu á hljóðskiptaraðir 3) -7).</li> <li>• fara í sagnir sem hafa mismunandi beygingu eftir merkingu, flytjast á milli flokka í þt., ri-sagnir og 0-sagnirnar sem skipta ekki aðeins um sérhljóð í þt. heldur stofnsamhljóð líka.</li> <li>• vh.nt. og þt. eftir stöðu og kunnáttu hópsins.</li> <li>• sagnir og sagnorðasambönd + mismunandi merking (eins og sagnirnar að <b>halda</b> og <b>standa</b>).</li> <li>• blæbrigðamunur og notkun sagna sem eiga mörg samheiti (eins og <b>ganga</b>, <b>labba</b>, <b>arka</b>, <b>rölta</b> o.s.frv.).</li> <li>• tengsl so. og lo. (dæmi: <b>baka</b> → <b>bakaður</b>)</li> </ul>	<p><i>sjá næsta kafla með setningarformúlum</i></p>

## Nokkrar setningarformúlur

► Góðar setningarformúlur fyrir byrjendur (**0.-1. stig**) eru:

- Ég **er** að ...
- Ég **var** að ...
- Ég **ætla** að ...



► Á 2.-3. stigi má auka við fjölbreytnina og bæta við nútíðarbeygingu fleiri sagna. Hér má:


1. **skipta út hjálparsögnum** (dæmi: *að þurfa, kunna, verða*).
2. **sleppa hjálparsögnunum og bæta við tíðniatviksorðum** (dæmi: *alltaf, stundum og aldrei*)
3. **sleppa hjálparsögnunum og bæta við orðasamböndum um tíma** (dæmi: *á hverjum degi, á morgun, á eftir, um helgina, áðan, í gær ...*)

► Á 4. stigi má byrja á viðtengingarhætti nútíðar. Það má gera með setningarformúlunum:

- Ég held að...
- Ég vona að ...

► Á 5. stigi er ekki útilokað að nemendur ráði við að setja algengari sagnir í viðtengingarhátt þátíðar með aðstoð setningarformúlanna:

- Ég hélt að...
- Ég vonaði að ...
- Ég vissi ekki að ...



► Á 6. stigi er sjálfsagt að bæta við setningum eins og:

- Ég veit ekki hvort (að) ...
- Ég vissi ekki (hvort) / (að) ...
- og setningum með fleiri skilyrðistengingum sem kalla á viðtengingarhátt

## Nafnorðakennslan

Áhersluþættirnir í töflu 19 miðast líka við fullorðinsfræðsluna. Líklega munu þeir þó nýtast á öðrum skólastigum og/eða vettvangi. Auðvitað er nær útilokað að afmarka innlögn nafnorðaforðans við fimm/sex algengustu beygingarflokkana eingöngu. Myndorðakassinn býður hins vegar ekki upp á fleiri flokka. Þar af leiðandi miðast leiðbeiningarnar fyrst og fremst við þá.

Í þessu sambandi má nefna að býsna stórt hlutfall byrjenda- og/eða grunnorðaforðans tilheyrir einmitt beygingarflokkunum sem eru í myndorðakassanum. Annað sem réttlætir það að leggja áherslu á þessa stærstu beygingarflokka er að slík afmörkum þjónar nemendum sennilega betur en að ætla þeim að læra fall- og tölubeygingu þeirra fjölmörgu beygingarflokka, sem fyrirfinnast í íslensku, alla í einu.

Tafla 19 Gera verður ráð fyrir einhvers konar stöðumati í upphafi hvers stigs og upprifjun eftir þörfum

Stigin	Áherslur	Athugasemdir
<b>Byrjendur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• orðforði</li> <li>• nf. í et. og ft.</li> <li>• hljóðbreytingin a → ö í ft. a-kvk.orðanna og 0-hk.orðanna</li> <li>• gr. í nf.et. með efn. minn og þinn</li> <li>• samhengi endinga í nf.et. og ft. við málfræðilegt kyn</li> </ul>	<i>sjá næsta kafla með setningarformúlum</i>
<b>1. stig</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• þf.et. allra beygingarflokkanna án gr. (geyma ur-kk. orðin?)</li> <li>• leggja áherslu á orðaforða í nærumhverfi og mat</li> </ul>	<i>sjá næsta kafla með setningarformúlum</i>
<b>2. stig</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• áframhaldandi áhersla á þf. án gr.</li> <li>• mikilvæg og algeng staðarorð í þf. og þgf. með og án gr.</li> <li>• Kynna þgf. í sambandi við algengar so. eins og að <b>hjálpa, þakka, fyrirgefa</b> og fs. <b>frá</b> og <b>hjá</b></li> </ul>	
<b>3. stig</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• enn áhersla á nafnorðabeygingu í þf. án gr.</li> <li>• aukin áhersla á þf. no. með gr.</li> <li>• fara rækilega í þá nafnorðaflokka sem eru eins í þf. og þgf. án gr. (ekki mælt með að bæta við fl. beygingarflokkum samt)</li> <li>• láta ur-karlkynsorðin, sem falla ekki undir meginatriði þumalputtareglunnar um þágufallsendingu beygingarflokksins (sjá bls. 13-16), mæta afgangi</li> <li>• fara í það hvar og hvers vegna ákv.gr. er notaður</li> <li>• kynna þgf. í ft. án gr.</li> <li>• kynna ef. með forsetningunni til í sambandi við fólk og lönd</li> </ul>	<i>sjá næsta kafla með setningarformúlum</i>
<b>4.stig</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• rifja upp þf. og þgf. með og án gr. í helstu beygingarflokkunum</li> <li>• leggja áherslu á þgf. et. í 0-hk.- og ur-kk.orðunum</li> <li>• bæta við fleiri beygingarflokkum eins og l- og n-kk.- og ing-kvk.orðunum</li> <li>• gott að bæta líka við ill-kk.orðunum í et.</li> <li>• æfa ft. helstu beygingarflokka í nf.</li> <li>• æfa þgf. í ft. án gr.</li> <li>• þjálfá eignarfall auðveldari skírnamafna með forsetningunni til ásamt algengari nafnorðum um fólk, lönd og borgir</li> </ul>	<i>sjá næsta kafla með setningarformúlum</i>
<b>5. stig</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• upprifjun á þf. og þgf. með og án gr. í algengari beygingarflokkum með áherslu á 0-hk.orðin og ur-kk.orðin</li> <li>• fara í hljóðbreytingar ur → ir-kk.orðanna</li> <li>• æfa setningargerð með algengustu sögnunum sem taka gjarnan tvö andlög; sitt í hvoru fallinu</li> <li>• fara í algenga þágufallsvalda (sjá töflu 20)</li> <li>• fara ýtarlegar í ft.no. og æfa hana í þf. og þgf.</li> <li>• leggja sérstaka rækt við ft. karlkynsorðanna í þf.</li> <li>• fara dýpra í ef. með t.d. fs: <b>vegna, án</b> og <b>á milli</b>.</li> </ul>	<i>sjá næsta kafla með setningarformúlum</i>



<b>6. stig</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• notkun þgf. og ef. með og án gr.</li> <li>• fara ýtarlega í hljóðbreytingar ur → ir-kk.orðanna</li> <li>• fara yfir sjaldgæfari og erfiðari fleirtöluendingar</li> </ul>	
----------------	---	--

## Nokkrar setningarformúlur

► **Byrjendur:** Mælt er með þessari einföldu setningarformúlu fyrir byrjendur:


- Þetta/Hér er ...

Þá má skoða kyn nafnorða með ákveðna greininum og eignarformöfnum.

- Þetta er ... minn/mín/mitt
- Er þetta ... þinn/þín/þitt?


Til að æfa et. og ft. má nota þessar setningarformúlur:

- Þetta er 1 ...
- Þetta eru 2/3/4 (eða margir/margar/mörg) ...




► **Á 1.-2. stigi:** Æfa þolfall beygingarflokkanna án greinis. Það er mjög aðgengilegt að nota orðaforða um mat til að æfa þetta.

- Ég borða ...
- Ég elda ...
- Ég baka ...
- Ég ætla að kaupa ...
- Ég ætla að fá ...
- Ég steiki ...
- Ég kaupi ...
- Ég drekk ...



Eftirfarandi setningarformúlur eru mjög aðgengilegar með orðaforða um skólalót, fylgihluti, húsmuni, mataráhöld og alls konar verkfæri:

- Ég nota (ekki) ...
- Ég þarf (ekki) ...
- Ég á (ekki) ...



- Mig **vantar** (ekki) ...
- Mig **langar** (ekki) í ...

Það má bæta inn í þessar setningar tíðniatviksorðum til að undirstrika að þau koma alltaf strax á eftir sögninni sem þau eiga við um.

► **Á 3. stigi** þarf að gera ráð fyrir að það þurfi að treysta kunnáttu og leikni nemenda í þolfallinu en hins vegar þarf að byrja á þágufallinu líka.


- Það er gott að nota **orðaförða um staði og staðsetningu** til að æfa muninn á þf. og þgf.
- **Matarorðaförðinn** er líka aðgengilegur til að æfa þennan mun:
  - Mig langar í (orð um mat í þf.) með + þgf.
  - Ég ætla að fá (orð um mat í þf) með + þgf.
- Það má líka nota **orðaförða um ættingja og vini** með eignarfornöfnunum til að æfa þgf.
  - Ég bý með ...
  - Ég ætla að bjóða ...
- Til að æfa þgf. í ft. án gr. er gott að nota **orðaförða um áhugamál**:
  - Ég safna ....
  - Ég hef áhuga á + nafnorð (velja orð í ft.)



Það má líka mæla með **Fataorðapakkanum** til að æfa þgf. í ft. án gr.

► **4. stig:** Það er ekki útilokað að einhverjir nemendur sem eru komnir á þetta stig eigi enn í vandræðum með fallbeygingu nafnorða í algengustu beygingarflokkunum. Þess vegna er gott að leggja áherslu á hvernig má nota endingar nafnorða í nf.et. og ft. til að leiðbeina sér áfram. Áherslan ætti þó að liggja á áframhaldandi æfingar í þágufalli.

- Til að þjálf þgf. má nota þessar setningarformúlur:
  - Ég henti ...
  - Ég gleymdi ...
  - Ég týndi ...
- Það má líka nota **orðforða um líkamshluta**:
  - Ég finn til í ...
  - Mér er illt í ...



► **5. stig:** Mín reynsla er sú að fjölbreytnin í kunnáttu nemenda fari vaxandi eftir því sem ofar dregur en þó er líklegra að nemendur á þessu stigi þekki öll helstu málfræðihugtök í sambandi við nafnorðabeyginguna og séu þar af leiðandi fljótari að meðtaka leiðbeiningar um aðferðir. Samkvæmt minni reynslu þarf að gera ráð fyrir upprifjun í öllum helstu beygingarþáttum nafnorðanna.

Í þeirri upprifjun þarf meðal annars að leggja áherslu á það hvar og hvenær þágufallið er notað. Það má til dæmis gefa nemendum yfirlit yfir helstu þágufallsvalda (sjá töflu 20) og láta þá búa til setningar þar sem þeir nota fallvaldana með nafnorðunum.

Tafla 20 Yfirlit yfir algenga þágufallsvalda

sagnorð		forsetningar	
<i>breyta</i>	<i>raða</i>	<i>að</i>	<i>hjá</i>
<i>fletta</i>	<i>ræna</i>	<i>af</i>	<i>meðfram</i>
<i>gleyma</i>	<i>safna</i>	<i>á eftir</i>	<i>nálægt</i>
<i>hella</i>	<i>skipta</i>	<i>á móti</i>	<i>úr</i>
<i>henda</i>	<i>sleppa</i>	<i>á undan</i>	<i>við hliðina á</i>
<i>hjálpa</i>	<i>sparka</i>	<i>framhjá</i>	<b>Athuga sérstaklega:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>í, á, undir</i> og <i>yfir</i></li> <li>• <i>með</i></li> <li>• <i>fyrir</i> og <i>eftir</i></li> </ul>
<i>hrinda</i>	<i>svara</i>	<i>frá</i>	
<i>kasta</i>	<i>stela</i>	<i>handa</i>	
<i>klappa</i>	<i>týna</i>		
<i>loka</i>	<i>trúa</i>		
<i>læsa</i>	<i>þjóna</i>		

► **6. stig:** Nemendur sem skrá sig á 6. stig gera sér gjarnan skýrari hugmyndir um það hvað þeir vilja læra en nemendur á fyrri stigum. Sumir vilja fyrst og fremst fá tækifæri til að nota tungumálið í tali en aðrir vilja fara á kaf í málfræði sem þeir hafa ekki enn náð tökum á. Mælt er með stöðukönnun á kunnáttu nemenda og áætlun sem byggir á niðurstöðu hennar. Í öllum tilvikum þarf þó að gera ráð fyrir þjálfun í notkun þgf. og ef. og á fleirtöluendingum ólíkra beygingarflokka.